



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**

**Schola Akureyrens**

---

## **Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2007-2008**

**Anna Sigríður Davíðsdóttir  
Bjarni Guðmundsson  
Valdís Björk Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir  
Þorbjörg Þorsteinsdóttir**

## Efnisyfirlit

	Bls.
1. Inngangur.....	3
2. Starf sjálfsmatsnefndar í MA skólaárið 2007-2008.....	3
3. Áfangakannanir.....	4
4. Tilraunaverkefnið Fróðá metið.....	9
4.1. Almenn.....	9
4.2. Rýnihópur nemenda.....	10
4.3. Hlýtt á nemendur Fróðár.....	11
4.4. Viðvera.....	13
4.5. Námsárangur.....	14
5. Lýðræðislegt sjálfsmat.....	14
6. Úttekt á úrbótatillögum síðustu ára.....	17
7. Námsmat í MA samkvæmt kennsluáætlunum.....	21
8. Úrbætur.....	22
9. Næstu skref í sjálfsmatinu.....	23
10. Lokaorð.....	24

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá því formlega sjálfsmati sem fram fór skólaárið 2007-2008. Það er órjúfanlegur hluti af starfi nemenda, kennara og starfsfólks að meta hvernig til hefur tekist, hvað gekk vel og hvernig hægt er að gera betur. Slíkt mat fer að mestu leyti fram með óformlegum hætti, hið formlega sjálfsmat er aðeins lítill hluti af öllu því mati sem fram fer í skólanum.

Í Menntaskólanum á Akureyri hefur verið starfandi sjálfsmatsnefnd í rúm tíu ár en sjálfsmatsnefnd var fyrst komið á laggirnar á haustönn 1997 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla 1996. Í þeim lögum komu í fyrsta skipti fram ákvæði um sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögnum þarf hver skóli að útfæra sínar sjálfsmatsaðferðir og hefur það verið höfuðverkur starfandi sjálfsmatsnefnda síðastliðinn áratug. Tilgangurinn með sjálfsmati er fyrst og fremst sá að bæta og efla skólastarfið. Sjálfsmatinu er ætlað að meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert sem og finna leiðir til þess að laga það sem betur má fara.

Skólaárið 2007-2008 var ákveðið að í sjálfsmati skólans yrði lögð áhersla á að skoða þann aragrúa af gögnum sem hrannast hefur upp á síðustu árum með starfi sjálfsmatsnefndar og nýta þannig gögnin betur. Einnig var ákveðið að halda áfram að nota aðferðir lýðræðislegs sjálfsmats við mat á skólastarfinu og meta sérstaklega tilraunaverkefnið Fróðá.

Sjálfsmatsnefnd Menntaskólans á Akureyri skólaárið 2007-2008 skipuðu Anna Sigríður Davíðsdóttir formaður, Bjarni Guðmundsson, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Valdís Björk Þorsteinsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir.

## 2. Starf sjálfsmatsnefndar í MA skólaárið 2007-2008

Sjálfsmatsnefnd fundaði reglulega, alla föstudaga í eina og hálf klukkustund á kennslutíma skólans. Í upphafi hausts lá fyrir að ljúka kynningu á verkefninu *Hlýtt á nemendur* frá síðasta starfsári. Starfsfólki voru kynntar helstu niðurstöður á húsfunði. Í framhaldi voru unnin kynningarveggspjöld í samstarfi við stjórn skólafélagsins og þau látin hanga á göngum skólans í tvær vikur.

Lýðræðislegt sjálfsmat er enn í gangi í MA. Deildir kynntu sjálfsmatsverkefni sín á kennarafundi. Hver deild hélt svo áfram með verkefni sín þar sem við á en aðrar snéru sér að nýjum.

Hefðbundnum áfangakönnunum var haldið áfram. Nú voru lagðar kannanir fyrir nemendur í samfélagsgreinum í desember og apríl/maí. Ekki var talin þörf á að kanna alla áfanga en lögð áhersla á að fá umsagnir nemenda um alla kennara. Rétt um 25 áfangar voru kannaðir hjá 15 kennurum.

Sjálfsmatsnefnd safnaði saman öllum þeim gögnum, könnunum og úttektum sem hún hafði aflað undanfarin ár og gaumgæfði rækilega í því skyni að athuga hvort nokkuð hefði „gleymst“. Í kjölfarið var ákveðið að fara nánar yfir úrbótatillögur síðustu ára.

Farið var í gegnum úrbótatillögur sjálfsmatsnefndar síðustu þriggja ára. Tillögurnar voru flokkaðar eftir því hverju hefur verið hrint í framkvæmd og hvað er enn ógert. Í ljós kom að flestar úrbótatillögurnar hafa verið teknar til greina og mörgum lokið.

Sjálfsmatsnefnd safnaði saman öllum kennsluáætlanir haustannar og skoðaði hvernig námsmati væri háttað í skólanum. Námsmat var svo greint eftir brautum, bekkjum og tegundum. Niðurstöður voru kynntar á kennarafundi í maí.

Starfið á Fróðá, tilraunaverkefni á öðru ári félagsfræðibrautar, var metið í tvígang. Í mars var svokallaður rýnihópur spurður álits og í maíbyrjum fengu allir nemendur í verkefninu færi á að koma skoðun sinni á framfæri undir verklaginu *Hlýtt á nemendur*. Í lok skólaársins var námsárangur Fróðárnemenda og viðvera skoðuð. Matinu er ætlað að styðja við áframhaldandi þróunarstarf á brautinni.

Haldið var upp á 10 ára formlegt sjálfsmat í MA í löngu frímínútunum á vordögum með því að bjóða starfsfólki skólans upp á ljúffenga hnallþóru.

Menntamálaráðuneytið lét taka út sjálfsmatsaðferðir Menntaskólans á Akureyri á vordögum. Þau Ásrún Matthíasdóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson sáu um úttektina fyrir hönd ráðuneytisins. Niðurstaða þeirra var eftirfarandi: „Í stuttu máli má segja að staða sjálfsmats við skólann sé fullnægjandi og í mjög góðum farvegi. Vel er staðið að undirbúningi, markmiðssetningu, úrvinnslu og nýtingu á niðurstöðum.“ Ljóst er að allir starfsmenn leggja sitt af mörkum í sjálfsmatinu og styðja þannig við framþróun skólastarfsins.

### 3. Áfangakannanir

Hlé var gert á áfangakönnunum 2006-7 en þær hófust aftur haustið 2007. Ákveðið var að fylgja nokkurn veginn sömu aðferð og áður, skipuleggja þriggja ára ferli þar sem nokkrar greinar yrðu metnar á hverju ári og þess gætt að hver nemandi þyrfti ekki að svara of mörgum könnunum. Á þessu skólaári voru lagðar fyrir kannanir í félagsgreinum og valgreinum sem tengjast þeirri braut.

Á haustönn voru lagðar fyrir kannanir hjá 40 hópum, í fjölmiðlafræði, heimspeki og uppeldisfræði í 4. bekk, sálfræði í 3. og 4. bekk, lífsleikni í 2. bekk, félagsfræði í 1. og 2.

bekk og lögfræðivali í 4. bekk. Spurningalistar úr síðasta mati voru notaðir en tekin út ein spurning um námsmat. Að auki var deildum gefið færi á að koma með eigin spurningar en aðeins kennarar í lífsleikni sáu ástæðu til þess.

Á vorönn var lagt fyrir mat hjá 38 hópum, í félagsfræði í 1. og 2. bekk, fjölmiðlafræði í 3. og 4. bekk, lífsleikni í 1. og 4. bekk og ýmsum valáföngum í 3. og 4. bekk í sögu, listnámsgreinum, tónlist og menningu og þjóðhagfræði. Líkt og á haustönn voru kennarar í lífsleikni með viðbótarspurningu og kennarar í félagsfræði í 2. bekk spurðu um fyrirkomulagið á Fróðá.

Tvær opnar spurningar eru í lok könnunarinnar þar sem nemendum gefst kostur á að koma á framfæri hvað þeim þykir gott við áfangann og hvað mætti betur fara. Að jafnaði eru álika margar athugasemdir í hvorum flokki fyrir sig. Nemendur eru yfirleitt frekar kurteisir en þó var ákveðið að taka út þrjár athugasemdir á haustönn sem þóttu rætnar. Engin athugasemd á vorönn þótti þessleg að ekki væri óhætt að láta kennara fá hana í hendur.

Að þessu sinni var notað forritið SPlist frá Stefnu. Það hafði áður verið notað í skólanum, t.d. í könnun sem lögð var fyrir nemendur á heimavist. Sama fyrirkomulag við fyrirlögn var notað báðar annir. Nemendur fengu sendan tölvupóst með upplýsingum um könnunina og tengil inn á listann. Jafnframt voru þeir hvattir til að svara og mikilvægi þess áréttað. Festir voru tímar í tölvustofu fyrir nánast alla hópana og voru þeir sóttir í tíma til að þeir gætu svarað könnuninni. Á haustönn skiptu nefndarmenn því á milli sín en á vorönn tók Ingibjörg Ágústsdóttir það að sér að sækja alla nemendahópa. Töluvert margir nemendur sögðust vera búnir að svara könnuninni þegar þeir voru sóttir í tíma og nokkrir höfðu jafnvel hent henni. Nemendur svöruðu að jafnaði 2-3 könnunum hver.

Svarhlutfall var eftirfarandi:

Haustönn: 80% (1018 könnun, 815 svör)

Vorönn: 75% (811 könnun, 608 svör)

70-80% þeirra sem svöruðu voru mjög eða frekar sammála því að þeir tækju virkan þátt í áfanganum, þeim liði vel, að kennarinn undirbyggi sig vel, kæmi efninu vel til skila og auðvelt væri að biðja um aðstoð hjá honum, kennslustundir hæfust stundvíslega, nemendur hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga og að samskipti væru góð í áfanganum. Nemendur eru einnig mjög sáttir við framkomu kennara. Þættir sem komu síður út snerta vinnufrið í áfanga, heimanám nemenda og árangur (haustönn), afstöðu nemenda til námsmats og efni áfangans. Flestir merkja við hvorki sammála/ósammála þegar spurt er um hvort álag í áfanganum sé of lítið. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri kannanir og benda til góðra samskipta nemenda og kennara en blendnari afstöðu þegar kemur að námsefninu og námsmati.

Kennarar fengu niðurstöður matsins í hendur fyrir jólafrí og um miðjan maí. Tekin voru starfsmannaviðtöl við nýja kennara og þá sem ekki höfðu áður farið í slík viðtöl en ekki gafst þó tími til að ræða við alla sem áður höfðu farið í starfsmannaviðtöl.

	<b>vor08</b> <b>Fjöldi</b> <b>nem.</b>	<b>vor08</b> <b>%</b>	<b>haust07</b> <b>Fjöldi</b> <b>nem.</b>	<b>haust07</b> <b>%</b>
<b>Ég tek virkan þátt í tímum í áfanganum</b>				
Mjög sammála	184	30,4	185	22,7

Frekar sammála	277	45,7	410	50,3
Hvorki sammála né ósammála	96	15,8	154	18,9
Frekar ósammála	39	6,4	49	6,0
Mjög ósammála	10	1,7	17	2,1

**Ég sinni heimanámi vel í áfanganum**

Mjög sammála	172	28,4	115	14,1
Frekar sammála	219	36,1	269	33,0
Hvorki sammála né ósammála	124	20,5	244	29,9
Frekar ósammála	64	10,6	133	16,3
Mjög ósammála	26	4,3	51	6,3

**Líðan mín í áfanganum er góð**

Mjög sammála	286	47,2	325	39,9
Frekar sammála	208	34,3	334	41,0
Hvorki sammála né ósammála	73	12,0	112	13,7
Frekar ósammála	29	4,8	32	3,9
Mjög ósammála	8	1,3	9	1,1

**Ég geri ráð fyrir góðum árangri í þessum áfanga**

Mjög sammála	201	33,2	178	21,8
Frekar sammála	272	44,9	376	46,1
Hvorki sammála né ósammála	105	17,3	201	24,7
Frekar ósammála	19	3,1	37	4,5
Mjög ósammála	7	1,2	21	2,6

**Ég tel að kennarinn undirbúi kennsluna vel í áfanganum**

Mjög sammála	247	40,8	326	40,0
Frekar sammála	216	35,6	335	41,1
Hvorki sammála né ósammála	94	15,5	111	13,6
Frekar ósammála	34	5,6	35	4,3
Mjög ósammála	15	2,5	8	1,0

**Ég er sátt(ur) við framkomu kennarans**

Mjög sammála	330	54,5	407	49,9
Frekar sammála	182	30,0	260	31,9
Hvorki sammála né ósammála	56	9,2	103	12,6
Frekar ósammála	27	4,5	26	3,2
Mjög ósammála	10	1,7	18	2,2

**Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum**

Mjög sammála	281	46,4	383	47,0
Frekar sammála	225	37,1	304	37,3
Hvorki sammála né ósammála	65	10,7	79	9,7
Frekar ósammála	30	5,0	40	4,9
Mjög ósammála	4	0,7	8	1,0

**Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum**

Mjög sammála	239	39,4	312	38,3
Frekar sammála	200	33,0	329	40,4
Hvorki sammála né ósammála	110	18,2	131	16,1
Frekar ósammála	38	6,3	35	4,3
Mjög ósammála	18	3,0	7	0,9

**Kennarinn hvetur mig áfram í áfanganum**

Mjög sammála	207	34,2	211	25,9
Frekar sammála	187	30,9	257	31,5
Hvorki sammála né ósammála	162	26,7	256	31,4
Frekar ósammála	34	5,6	69	8,5
Mjög ósammála	15	2,5	18	2,2

**Kennarinn kemur efninu vel til skila**

Mjög sammála	231	38,1	290	35,6
Frekar sammála	224	37,0	311	38,2
Hvorki sammála né ósammála	94	15,5	140	17,2
Frekar ósammála	45	7,4	48	5,9
Mjög ósammála	12	2,0	23	2,8

**Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum**

Mjög sammála	293	48,3	332	40,7
Frekar sammála	212	35,0	296	36,3
Hvorki sammála né ósammála	69	11,4	129	15,8
Frekar ósammála	23	3,8	36	4,4
Mjög ósammála	8	1,3	20	2,5

**Mér finnst efni áfangans áhugavert**

Mjög sammála	177	29,2	203	24,9
Frekar sammála	192	31,7	256	31,4
Hvorki sammála né ósammála	132	21,8	175	21,5
Frekar ósammála	60	9,9	114	14,0
Mjög ósammála	45	7,4	62	7,6

**Ég tel námsmatið í áfanganum nýtast mér til náms**

Mjög sammála	97	16,0	128	15,7
Frekar sammála	164	27,1	252	30,9

Hvorki sammála né ósammála	152	25,1	327	40,1
Frekar ósammála	48	7,9	64	7,9
Mjög ósammála	30	5,0	37	4,5

**Ég tel námsmat í áfanganum endurspegla áherslur í kennslunni**

Mjög sammála	118	19,5	123	15,1
Frekar sammála	198	32,7	270	33,1
Hvorki sammála né ósammála	240	39,6	368	45,2
Frekar ósammála	28	4,6	32	3,9
Mjög ósammála	16	2,6	15	1,8

**Nemendur eru hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga**

Mjög sammála	282	46,5	362	44,4
Frekar sammála	235	38,8	303	37,2
Hvorki sammála né ósammála	57	9,4	104	12,8
Frekar ósammála	26	4,3	32	3,9
Mjög ósammála	3	0,5	11	1,3

**Mér finnst álag í áfanganum of lítið**

Mjög sammála	19	3,1	19	2,3
Frekar sammála	54	8,9	52	6,4
Hvorki sammála né ósammála	219	36,1	300	36,8
Frekar ósammála	173	28,5	288	35,3
Mjög ósammála	139	22,9	153	18,8

**Samskipti nemenda í áfanganum eru góð**

Mjög sammála	193	31,8	283	34,7
Frekar sammála	294	48,5	377	46,3
Hvorki sammála né ósammála	93	15,3	126	15,5
Frekar ósammála	15	2,5	20	2,5
Mjög ósammála	2	0,3	5	0,6

**Vinnufriður í bekknum er góður í þessum áfanga**

Mjög sammála	141	23,3	147	18,0
Frekar sammála	246	40,6	364	44,7
Hvorki sammála né ósammála	146	24,1	210	25,8
Frekar ósammála	51	8,4	71	8,7
Mjög ósammála	21	3,5	20	2,5



## 4. Tilraunaverkefnið Fróðá metið

### 4.1. Almenn

Í haust afréðu kennarar nokkurra greina (í dönsku, félagsfræði, ensku, frönsku, stærðfræði og þýsku) í 2. bekk á félagsfræðibraut að vinna saman að breyttum kennsluháttum á vorönn. Tilraunverkefnið fékk nafnið Fróðá eftir einu af gömlu heimavistarherbergjum skólans. Breytingarnar fólu í sér eftirfarandi atriði:

Í stað sex bekkjartíma í FÉL 103 og STÆ 313 voru kenndir þrjú hefðbundnir bekkjartímar en þrjú tímar voru á Fróðá. Í tungumálunum voru kenndir tveir bekkjartímar en tveir tímar voru á Fróðá. Samtals voru nemendur í 2.F, 2.G og 2.H þá í 12 tímum á Fróðá.

Fróðartímarnir voru skipulagðir á þá leið að félagsfræðibrautarbekkirnir þrjú voru allir saman í tveimur stofum, fjóra tíma í senn á Fróðá. Fróðáin var frá 12:20-15:20 á þriðjudögum og miðvikudögum og frá 8:15-11:30 á fimmtudögum. Þrjú kennarar voru viðstaddir í hverjum Fróðartíma, nemendum til aðstoðar. Kennarar höfðu þannig möguleika á því að taka minni hópa (eða einstaklinga) út úr til þess að aðstoða sérstaklega eða ræða um námið.

Á Fróðá áttu nemendur að vinna ýmis verkefni sem þeim voru sett fyrir á hverjum mánudegi. Þessi verkefni voru af ýmsum toga, stór eða smá, einstaklings- para- eða hópverkefni, skrifleg verkefni, skilaverkefni, umræðuverkefni, dæmareikningur, málfræðiverkefni, heimildaritgerðir, leikritagerð, myndbandaáhorf, bóklestur og margt fleira. Nemendur skipulögðu sjálfir nám sitt, réðu hvenær þeir unnu félagsfræðiverkefnið og hvenær dönskuverkefnið.

Kennsluumsjónarkerfið Angel var notað til þess auðvelda nemendum yfirsýn yfir námið. Í upphafi hverrar kennsluviku settu kennarar inn fyrirmæli eða verkefni inn á Angel svo nemendum væri ljóst til hvers ætlast var af þeim á Fróðá.

Marmiðin með Fróðánni voru eftirfarandi:

Að nemendur fái aukinn áhuga á náminu  
Að nemendum líði betur í skólanum  
Að nemendum gangi betur í náminu  
Að nemendur mæti betur í kennslustundir  
Að námið verði einstaklingsmiðaðra  
Að nemendur verði sjálfstæðari í námi sínu, noti markvissari vinnubrögð og læri að skipuleggja tíma sinn betur

Að kennarar fái aukin tækifæri til að þróa sig í starfi  
Að auka samvinnu og samræðu kennara um nám og kennslu

## 4.2. Rýnihópur nemenda

Til þess að meta hvernig til hefði tekist var þann 20. mars settur á laggirnar rýnihópur nemenda. Rýnihópurinn samanstóð af sex nemendum úr bekkjunum þremur en rýnihópunum stjórnðu Bjarni Guðmundsson og Alma Oddgeirsdóttir. Í rýnihópnum voru málin rædd og margt fróðlegt kom í ljós. Það kom ekki á óvart að nemendur höfðu skiptar skoðanir á þessu nýja fyrirkomulagi. Eftirfarandi atriði komu meðal annars fram í rýnihópnum:

Þau töldu tímann fyrir hádegi nýtast betur en seinnipartana.

Þau töldu hættu á því að þau fög sem þau hefðu minnsta áhuga á sætu á hakanum.

Þeim fannst oft erfitt að vinna í erlendum tungumálum á Fróðá.

Þeim fannst bekkjartímarnir í tungumálunum vera einhæfari en áður, þeir væru tilbreytingarlitir og minna væri um að tímarnir væru brotnir upp og eitthvað „skemmtilegt“ gert.

Þau töldu sig fá persónulegri hjálp frá kennurum, t.d. í stærðfræði.

Þau voru nokkuð sammála um að heimanám hefði aukist og að kennarar settu mikið fyrir.

Þau voru öll sammála um að kennsluumsjónarkerfið Angel hentaði mjög vel.

Helstu kostir fyrirkomulagsins fannst nemendum vera að geta skipulagt tíma sinn á Fróðá upp á eigin spýtur og ákveðið hvað þurfi að gera. Þeim fannst gott að ráða sér meira sjálf, vera með öðrum bekkjum og fá fleiri kennara. Einnig nefndu þau félagastuðning, þau hjálpast meira að og ræða meira saman um námið en áður.

Helstu gallar fyrirkomulagsins að mati nemenda voru að kennarar væru ekki nógu duglegir að fara á bókasafn og tölvustofu og aðstoða nemendur þar. Einnig bar á góma að kennarar væru stressaðir og kvörtuðu um að hafa ekki nægan tíma og það smitaði út frá sér til nemenda. Þannig fannst nemendum að Fróðártímarnir væru of margir. Nemendur nefndu auk þess að fyrirkomulagið hentaði ekki nemendum sem ekki hefðu mikinn metnað og aga, þeir bara leyfa sér að slá slöku við. Vinnufriður þótti auk þess vera of lítill á Fróðánni og það leiddi til þess að margir leituðu á náðir bókasafnsins.

Þau töldu sig mæta betur á Fróðá heldur en í aðrar kennslustundir.

Þau höfðu skiptar skoðanir á því hvort hefðbundið fyrirkomulag eða Fróðárfyrirkomulag myndi henta betur en voru þó sammála því að Fróðártímarnir mættu ekki vera fleiri.

Til þess að bæta Fróðána fannst nemendum helst vanta meiri hvatningu frá kennurunum, þeir þurfi að aðstoða nemendur meira, spyrja hvernig gangi og hvetja til dáða. Einnig nefndu nemendur að meiri aðstoð við námstækni og skipulag væri æskileg.

Í viðauka er að finna öll svör nemenda.

### 4.3. Hlýtt á nemendur Fróðár

Þann 15. maí 2008 fengu allir nemendur Fróðár að láta álit sitt í ljós á nýja námsfyrirkomulaginu. Sá háttur var hafður á að nemendum var skipt í sex manna hópa sem fengu nokkrar spurningar í hendurnar til þess að svara. Rauði þráðurinn í spurningunum var sá hvernig hægt væri að gera betur á næstu vorönn, á hvaða hátt væri mögulegt að bæta nám nemenda á Fróðá. Hér á eftir eru tekin saman svör nemenda við þessum spurningum:

1. Aðstaða. Er aðstaðan fyrir Fróðána nógu góð? Eru stofurnar nægilega góðar, tölvukostur, o.s.frv.? Hvað þarf helst að bæta?

Almennt fannst nemendum ekki vera nógu mikið pláss fyrir þá í þessum tveimur stofum (G21 og G22) og nefndu að betra væri að hafa fleiri stofur til umráða. Þá nefndu nemendur einnig að fleiri rafmagnsinnstungur vantaði eða fleiri fjöltengi vegna þess hve margir nemendur á Fróðá notuðu fartölvur. Í þremur hópum var nefnt að nauðsynlegt væri að nemendur fengju að nota bókasafnið og tölvustofu að vild í Fróðártímum.

2. Finnst ykkur að kennarar ættu að gera meira eða minna af því að taka nemendur úr Fróðártímum og kenna þeim (t.d. taka litla hópa út úr í umræðutíma í ensku)

Um þetta voru skiptar skoðanir í hópunum. Meirihluta hópanna fannst ekki ástæða til þess að taka nemendur eða hópa nemenda út úr Fróðá til þess að kenna þeim sérstaklega. Í hópunum kom fram sú skoðun að slíkt væri truflandi og nemendur þyrftu á öllum Fróðártímanum að halda til þess að klára fyrirliggjandi verkefni. Sumir hópanna nefndu hins vegar að gott væri að kennari tækju hópa í umræðutíma og einnig væri gott að kennarar tækju heila bekki út úr og kenndu þeim þegar bekkjartímar hefðu fallið niður.

3. Hvernig verkefni henta best í Fróðánni?

Flestir hóparnir töldu hópverkefni eiga vel heima í Fróðártímum þó reyndar hafi einn hópur verið á öndverðum meiði. Að mati nemenda henta erfið málfræðiverkefni ekki og heldur ekki þungar stærðfræðiæfingar vegna þess að þá er nauðsynlegt að hafa greiðan aðgang að kennurunum. Nokkrir hópar nefndu að betra væri að skrifa ritgerðir heima hjá sér heldur en á Fróðánni.

#### 4. Er hægt að nýta Angel betur eða öðruvísi?

Hóparnir voru ekki á einu máli þegar kom að því að meta tölvuumsjónarkerfið Angel. Fjórir hópar tóku sérstaklega fram að Angel væri mjög til þægðarauka en tveir hópar vildu hins vegar helst leggja kerfið niður. Nokkrir hópar virðast vera sáttir við kerfið en nefndu að kennarar mættu nýta það meira, setja inn fleiri glósur, lausnir, fyrirmæli um heimanám og fleiri gagnvirk verkefni í stað „blaða út um allt“.

#### 5. Þurfa kennarar að breyta hegðun sinni á Fróðá? Fáid þið næga aðstoð? Vantar meiri hjálp við námstækni?

Svörin við þessari spurningu urðu býsna ólík. Í tveimur hópum kom fram að kennarar á Fróðá þyrftu helst að vera fleiri til þess að sinna öllum nemendaskaranum og passa ætti upp á að hafa ekki tvo kennara í sömu grein á sama tíma. Tveir hópar nefndu einnig að kennarar væru ekki nægilega sýnilegir og nemendur lentu iðulega í því að leita að þeim um allan skóla. Kennarar ættu sem sagt ekki að vera á ráfi um skólann! Einum hópnum fannst að kennarar ættu að vera duglegri að spyrja nemendur um hvernig námið gengi en öðrum hópi þóttu slíkar spurningar bera vott um óþarfa afskiptasemi, nemendur væru í skólanum á eigin ábyrgð og ætti að vera treystandi fyrir náminu. Einn hópur nefndi að kennarar væru of uppteknir af því að fylgjast með nemendum með fartölvur, ef nemendur vildu slugsá þá væri það ekki kennaranna mál. Tveir hópar voru þeirrar skoðunar að kennarar væru stundum full strangir á að framfylgja reglum. Einnig mátti greina gremju hjá einum hópnum varðandi það að kennarar væru stundum of uppteknir af eigin grein og vildu að þau verkefni væru sett í forgang. Tveir hópar skrifuðu að kennararnir stæðu sig mjög vel og gætu ekki gert mikið meira en þeir þegar gerðu.

#### 6. Hvaða greinar henta best/verst á Fróðá.

Eins og áður voru svör hópanna af margvíslegum toga. Þó virðast flestir hóparnir vera þeirrar skoðunar að þriðja tungumálið (franska og þýska) og stærðfræðin henti einna verst í Fróðárfyrirkomulaginu. Almenn samkomulag ríkir um að félagsfræðin henti vel og mörgum hópnum þykir danskan og enskan henta ágætlega, þó ekki ríki eins mikill einhugur varðandi það. Nokkrir hóparnir nefndu að íslenskan og sagan ættu vel heima á Fróðá.

#### 7. Tímafjöldi. Eru Fróðártímarnir of margir eða of fáir?

Átta hópum fannst Fróðártímarnir vera of margir, vildu fleiri bekkjartíma á kostnað Fróðártímana á meðan fimm hópar töldu Fróðártímana vera hæfilega marga.

#### 8. Þarf að bæta bekkjartímana að einhverju leyti?

Tveir hópar nefndu að of mikill tími af kennslustundum færi í að fara yfir þau verkefni sem unnin væru á Fróðá, einn hópur nefndi að kennslustundir mættu vera fjörlegri og

fjölbreyttari og hjá einum hópi kom fram að kennarar eyddu of miklum tíma í að ræða hversu lítinn tíma þeir hefðu.

9. Hvenær eiga Fróðártímarnir að vera? Hentar fyrirparturinn betur fyrir Fróðána eða seinniparturinn?

Nemendur virtust skiptast í tvo hópa hvað varðar skoðun á ofangreindri spurningu, annar helmingurinn vildi hafa Fróðána fyrir hádegi og hinn helmingurinn eftir hádegi. Einn hópur nefndi að best væri að hafa tvo tíma fyrir hádegi, taka svo hádegishlé og byrja af endurnýjuðum krafti eftir hádegismatinn.

Í viðauka er að finna öll svör nemenda.

#### 4.4. Viðvera Fróðárnemenda

Eitt markmiðið með Fróðánni var að fá nemendur til þess að mæta betur í skólann. Aðspurðir sögðust nemendur í rýnihópi mæta vel í Fróðártímana, jafnvel betur en í aðrar kennslustundir vegna þess að þeir þyrftu á öllum tímum að halda til þess að geta lokið við vikuskammtinn sinn af námi. Í rýnihópnum voru hins vegar fáir nemendur og ekki víst að það sem þeir sögðu gildi um allan hópinn. Til þess að skoða mætingu allra nemenda í 2. bekk félagsfræðibrautar, voru eftirfarandi tölur fengnar úr Innu fyrir tvö síðustu skólaár:

B	H2006	V2007	MISMUNUR	H2007	V2008	MISMUNUR
2F	91,8	89	- 2,8	92,5	90,4	- 2,1
2G	91,6	90	- 1,6	93,2	91,4	- 1,8
2H	91,7	93	+ 1,3	95,8	92,5	- 3,3
Meðaltal	91,7	90,7	- 1,0	93,8	91,4	- 2,4

Undanfarin ár hefur tilhneigingin verið sú í skólanum að mæting sé ívið betri á haustönn heldur en á vorönn og eru síðustu tvö skólaár engin undantekning á því. Ef Fróðáin hefur haft jákvæð áhrif á mætingu nemenda á félagsfræðibraut, ætti munurinn á mætingu haustannar og vorannar skólaárið 2007-2008 að vera minni heldur en árið áður. Svo er ekki. Það má því draga þá ályktun að Fróðáin virðist ekki hafa mikil áhrif á heildarmætingu nemenda. Það verður þó að hafa í huga að í töflunni eru meðaltalstölur yfir mætingu í öllum greinum en ekki bara þeim greinum sem kenndar eru á Fróðá (íslenska og saga tóku t.d. ekki þátt í Fróðárverkefninu). Einnig má nefna að oft eru talsverðar sveiflur í mætingum á milli einstakra bekkja og ára sem gerir það að verkum að jafnvel þótt Fróðáin hefði haft góð áhrif á mætingu nemenda, er ekki alveg víst að þess sækjust merki í þessum tölum.

#### 4.5. Námsárangur Fróðárnemenda

Aðspurðir kváðust kennarar Fróðár ekki taka eftir miklum mun á námsárangri nemenda á milli anna eða á milli ára. Hið huglæga mat kennara dugar hins vegar ekki eitt og sér þegar meta á námsárangur og því er nauðsynlegt að skoða meðaleinkunnir og falltölur í Fróðarárföngunum:

Danska: Meðaleinkunn var 5,9 og 2,7% nemenda féllu. Nemendur voru ekki í dönsku á haustönn og því verður að skoða félagsfræðibekkina í fyrra til þess að fá samanburðartölur. Í fyrra voru sambærilegar tölur 5,7 og 9,3%. Meðaleinkunnin er þannig svipuð á milli ára í dönskunni en fall Fróðárnemenda heldur minna en árið áður.

Enska: Meðaleinkunn var 7,0 og enginn féll. Á haustönn var meðaleinkunnin hins vegar 6,5 og enginn féll.

Félagsfræði þróunarlanda (FÉL 313): Meðaleinkunn var 7,1 og enginn féll. Í fyrra voru einkunnir svipaðar, meðaleinkunnin heldur hærri eða 7,5 en fall var 3,4%.

Franska: Meðaleinkunn var 6,0 og enginn féll. Á haustönn var meðaleinkunnin 7 og 4,3% nemenda féllu.

Stjórn málafræði (FÉL 303): Meðaleinkunn var 7,1 og 3,2% nemenda féll. Í fyrra var námsárangur sambærilegur, meðaleinkunnin 7,2 og fallið 1,8%

Stærðfræði: Meðaleinkunn nemenda var 6,8 og 5% nemenda féllu. Árið áður var meðaleinkunnin svipuð eða 6,7 en á móti var meira fall, 11,8%.

Þýska: Meðaleinkunn var 5,8 og 7% nemenda féllu. Á haustönn var meðaleinkunnin svipuð eða 5,9 en fallið var aðeins meira eða 9,3%.

Af þessum tölum er ekki hægt að draga dramatískar ályktanir um áhrif Fróðárfyrirkomulagsins á námsárangur nemenda. Jafnvel þótt betur eða verr gangi í ákveðnum áföngum heldur en í samanburðaráföngum, þá er ekki víst að orsökkin sé hið nýja fyrirkomulag. Alltaf má búast við einhverjum sveiflum á milli ára, anna og bekkja. Það þarf því að prófa Fróðána yfir lengra tímabil til þess að hægt sé að skoða af alvöru áhrifin á námsárangur og mætingu nemenda.

## 5. Lýðræðislegt sjálfsmat

Á þessu skólaári héldu deildir skólans áfram því starfi sem kennt hefur verið við lýðræðislegt sjálfsmat. Á kennarafundi í nóvember greindu allir námsgreinastjórar stuttlega frá því hvaða sjálfsmatsverkefni deildin hafði unnið árið á undan. Þetta gafst vel og má segja að á þessum kennarafundi hafi gluggi opnast inn í starf deildarinnar. Hugmyndin var svo sú að deildir skólans héldu sjálfsmatsvinnunni áfram með því að þróa sama sjálfsmatsverkefnið áfram eða byrja á nýju. Áhersla var lögð á að verkefnið þyrftu hvorki að vera stór né viðamikil, aðalatriðið var að verkefnið gagnaðist deildinni.

Hér á eftir er greint frá því hvaða sjálfsmatsverkefni deildir skólans völdu að vinna. Í skýrslum námsgreinastjóra er að finna nánari útlistun á þeim aðferðum sem notaðar voru og helstu niðurstöðum.

### Danska

Í dönsku hefur verið skoðað samhengi á milli gengis í framhaldsskóla og einkunna úr grunnskóla og þá einkum með tilliti til hvort nemendur taka samræmt próf eða ekki. Í vetur var í fyrsta skipti boðið upp á stóðtíma fyrir þá nemendur sem stóðu höllum fæti í dönsku eftir grunnskóla.

### Eðlisfræði

Upplýsingar vantar

### Efnafræði

Í efnafræðinni var skoðað hvort og þá hvaða áhrif kaflapróf, sem gilda lítilliga til einkunnar, hafa á einkunnir á lokaprófi.

### Enska

Sjálfsmatsverkefni enskudeildar hefur verið í gangi frá því á vorönn 2006 þegar ákveðið var að skoða sérstaklega ritunarþátt enskunámsins, fyrst stýrðri og frjálstri ritun (vorönn 2006) og svo ritunarverkefnum tengdum vinnuöppum sem allir nemendur í 1. og 2. bekk þurfa að halda og skila inn en ritunarþátturinn er sjálfkrafa hluti af þeirri möppu (2006-2007). Á síðustu haustönn (2007) var haldið áfram með mat á vinnubókum og útbjuggu kennarar sérstakan kvarða til að meta þætti þeirra, en vinnubókinni er skipt niður í 5 þætti. Svo var byrjað á öðru verkefni sem tengist beint sjálfsmati deildarinnar því kennarar deildarinnar ákváðu, vegna óánægju með framboð á námsbókum til kennslu í ensku 102 og 202 (fyrsti bekkur), að búa sjálfir til og taka saman efni í kennslubók sem er að sjá dagsins ljós núna og verður tekin til notkunar í haust. Mjög mikil vinna hefur fylgt þessu og það mikil að hún var metin til síðasta hluta vettvangsnáms kennara deildarinnar.

### Félagsfræði og fjölmiðlafræði

Kennarar skoðuðu hvaða áhrif Fróðárfyrirkomulagið hafði á námsárangur og mætingu nemenda í stjórn málafræði og þróunarlandafélagsfræði.

### Ferðamálafræði

Sjálfsmatsverkefni ferðamálafræðinnar fólst í því að vinna með sjálfsmat nemenda og jafningjamat. Kennarar greinarinnar veltu fyrir sér hvernig best væri að haga því, þeir fóru út í breytingar í vetur og skoðuðu hverju þær skiluðu og hvort kennarar væru sáttir við hið nýja form.

### Franska

Frönskudeildin tók þátt í vettvangsnámi með öðrum tungumálakennurum í MA, VMA og ME. Þar voru unnar starfendarannsóknir (action research) og tekin fyrir tvö efni. Annars vegar hvernig samræmd agastjórnun kennara náði að stöðva hömlulausa tölvunotkun nemenda og hins vegar var unnið með einstaklingsmiðað nemendasjálfstæði og hlutverk kennara í stórum hópum.

### Heimspeki

Upplýsingar vantar

### Íslenska

Í vetur var sjálfsmat íslenskudeildar með óformlegum hætti. Athygli okkar beindist sem fyrr að ritun, verkefnainnlögn og fyrirgjöf. Auk þess var unnið að undirbúningi þróunarverkefnis um íslenskt nútímamál en niðurstaða okkar var að mikilvægt sé að tengja umfjöllun og kennslu í íslensku betur við þróun málsins og stöðu þess í samtímanum. Laugardaginn 8. mars var haldið málþing í Menntaskólanum á Akureyri um íslenskt nútímamál á vegum íslenskukennara í MA og VMA. Þrír valinkunnir fræðimenn, Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, og Þórunn Blöndal héldu erindi um nýjar rannsóknir á nútímamáli og hugmyndir um hvernig nálgast megi viðfangsefnið á annan hátt en áður hefur verið gert. Í framhaldi af málþinginu kviknaði áhugi á að sækja um styrk til að vinna kennsluefni um ísl. nútímamál og útbúa verkefni sem falla að áfangalýsingum í ÍSL 202, ÍSL 212 og ÍSL 403. Stefnt er að því að þetta geti orðið þáttur í þróunarsamvinnu þriggja framhaldsskóla á Norðurlandi, Menntaskólans á Akureyri, Verkmenntaskólans á Akureyri og Framhaldsskólans á Húsavík, í að efla kennslu í íslensku nútímamáli.

### Íþróttir

Í íþróttum var leitast við að koma til móts við þarfir sem allra flesta nemenda með því að koma á fót gönguhópi fyrir nemendur sem hafa illan bifur á almennum skólaíþróttum. Svo var einnig komið til móts við afreksíþróttafolk með því að bjóða því upp á frjálsa mætingu í íþróttir og fá meiri fræðslu sem ætti að nýtast þeim sem afreksíþróttafólki.

### Landafræði og jarðfræði

Upplýsingar vantar

### Líffræði

Upplýsingar vantar

### Lífsleikni



Í lífsleikni 102 var kannað hvaða áhrif dagbókarfærslur nemenda höfðu á vinnubrögð og viðhorf nemenda til viðfangsefna áfangans.

### Saga

Upplýsingar vantar

### Sálfræði

Í sálfræði var skoðað hvernig mætti bæta mætingu nemenda á vorönn á fjórða ári. Nemendur með 90% tímasókn eða meira fengu val um að taka lokapróf eða láta verkefni og skil á önninni gilda sem lokaekunn. Aðeins 15 nemendur af 55 þurftu að þreyta próf.

### Stærðfræði

Upplýsingar vantar

### Þýska

Sjálfsmatsverkefni þýskudeildar tengdist fyrst og fremst vettvangsnámi fyrir tungumálakennara sem deildin tók þátt í í vetur. Sameiginlegt verkefni deildarinnar fólst í að búa til matsskala fyrir ýmis verkefni og verkefnaflutning sem dreift var til nemenda áður en þeir unnu verkefni. Einnig byrjaði deildin að máta sig við Evrópsku tungumálamöppuna. Allir þýskukennaranir gerðu síðan starfendarannsókn um notkun á þýsku í kennslustundum.

### Uppeldisfræði

#### Upplýsingatækni

Þennan vetur hefur þó nokkuð þúður farið í að leggja greinina hreinlega niður í þeirri mynd sem hún hefur verið síðustu tíu árin. Það þýðir þó ekki að leggja eigi niður upplýsingatækni í skólanum, öðru nær. Í staðinn er hugmyndin sú að koma upplýsingatækninni úr tölvustofunni og út til nemenda og kennara þar sem þeir eru að vinna að alvöru námi. Ætlunin er að losna úr viðjum eininganna og færa greinina frá því að einkennast af kennslu afmarkaðs hóps nemenda yfir í ráðgjöf fyrir allan skólann, nemendur, kennara, stjórnendur og starfslíð allt. Sótt hefur verið um styrk í sprotasjóð menntamála fyrir verkefni sem kallast UT-ráðgjafar í MA. Brot úr þeirri umsókn (sjá umsóknina í heild í viðhengi) er hér:

„UT-ráðgjafar hafa ákveðna viðtalstíma í stundaskrá ætlaða nemendum sem vilja nýta sér þjónustu þeirra við raunveruleg verkefni í skólanum. Þessi þjónusta er ekki aðeins hugsuð fyrir þá nemendur sem vinna verkefni sem lögð hafa verið fyrir UT-ráðgjafa fyrir fram heldur einfaldlega alla nemendur sem óska aðstoðar þeirra. Gegnum þessa tíma fá UT-ráðgjafar mikla yfirsýn yfir þau verkefni sem unnin eru og geta stofnað til mjög árangursríkrar samræðu við aðra kennara þegar þeir útbúa sín verkefni. Einnig gætu UT-ráðgjafar séð öðrum betur möguleika á þverfaglegri samvinnu við samningu verkefna.“

## 6. Úttekt á úrbótatillögum

Undanfarin ár hefur sjálfsmatsnefnd sett fram úrbótatillögur sínar í sjálfsmatsskýrslu en úrbótatillögurnar eru byggðar á þeim rannsóknum/úttektum sem sjálfsmatsnefnd hefur staðið fyrir það skólaár. Það er síðan á valdi stjórnenda skólans hvort þessar úrbótatillögur ná fram að ganga. Í ár fýsti sjálfsmatsnefnd að vita hvernig úrbótatillögunum hefði reitt af og gerði í því skyni úttekt á úrbótatillögum árin 2004-2007. Í ljós kom að 41 úrbótatillaga hafði verið sett fram og flestar þeirra höfðu náð fram að ganga að einhverju leyti:

Staða	Fjöldi
Lokið	16
Í framkvæmd/lokið að hluta	16
Ólokið	9

Alls voru níu tillögur sem ekki komust á koppinn. Þrjár þeirra, um móttöku heimavistarbúa, næði á heimavist og ónæði vegna mismunandi próftíða, teljast vera málefni Lundar. Skólinn getur vissulega reynt að hafa áhrif á ákvarðarnir Lundar en ber þó ekki ábyrgð á þeim. Af hinum sex voru fimm sem þótti mikilvægt að unnið verði að. Þær eru:

- Að móta vinnureglur um viðbrögð við slökum árangri í einstökum námsgreinum (úr skýrslu 2004-2005)
- Að bæta aðstöðu nemenda til að matast í skólanum (úr skýrslu 2004-2005)
- Að móta viðbragðsáætlun við einelti, líka meðal starfsmanna (úr skýrslum 2004-2005 og 2006-2007)
- Að breyta skólaárinu til samræmis við aðra skóla (úr skýrslu 2006-2007)

Heildarlistinn með athugasemdum við hverja úrbótatillögu birtist hér að neðan:

Vetur	Úrbótatillaga	Staða	Athugasemdir
2004-2005	Bæta aðstöðu nemenda til að matast í skólanum	Ólokið	Búið að setja dýnur í Kvosina.
2004-2005	Skipulögð viðbrögð við einelti	Ólokið	Vantar viðbragðsáætlun.
2004-2005	Lengdur afgreiðslutími skrifstofu	Ólokið	Var lengdur aðeins í annan endann en afgreiðsla lokuð í kaffitíma og hádegi.
2004-2005	Viðbrögð við slökum árangri í einstökum áföngum	Ólokið	Vinnureglur ekki til.
2005-2006	Móttaka heimavistarbúa	Ólokið	Málefni Lundar.
2005-2006	Næði á heimavist	Ólokið	Málefni Lundar.
2005-2006	Ónæði vegna mismunandi próftíða	Ólokið	Málefni Lundar. Skólapólitísk ákvörðun.
2006-2007	Breyting á skólaári	Ólokið	Skólapólitísk ákvörðun.

Vetur	Úrbótatillaga	Staða	Athugasemdir
2006-2007	Einelti meðal starfsmanna	Ólokið	Vantar viðbragðsáætlun. Könnun var gerð á vorönn 2008 í framhaldi af fyrri könnun.
2004-2005	Afstaða skóla til vinnu nemenda með námi	Lokið	Er í ræðum skólameistara og foreldrar nýnema eru upplýstir.
2004-2005	Mötuneytið	Lokið	Hollusta. Málefni mötuneytis.
2004-2005	Þjónusta þvottahúss	Lokið	Málefni mötuneytis. Komnar kvittanir fyrir dýrari flikum, annað skilakerfi og aðgengi breytt að þvotti.
2004-2005	Aukið upplýsingastreymi til foreldra	Lokið	Miðannarmat. Fréttabréf.
2004-2005	Endurmenntunaráætlun	Lokið	Ráðið var í sérstakt starf endurmenntunarstjóra.
2004-2005	Endurnýjun þróunaráætlunar	Lokið	Skólastjórn er byrjuð að undirbúa en þarf að athuga og birta. Hefur færst inn í önnur skjöl.
2004-2005	Staða stærðfræði	Lokið	Tveggja eininga áfangar á mála- og félagsfræðibrautum. Uppstokkun á efni á náttúrufræðibraut. B-áfangar.
2005-2006	Fjölgun vaktmanna á heimavist	Lokið	Málefni Lundar.
2005-2006	Efla heimavistarráð	Lokið	Málefni Lundar.
2005-2006	Sameiginleg aðstaða heimavistarbúa	Lokið	Málefni Lundar.
2005-2006	Markvissari samskipti við forráðamenn ólögráða heimavistarbúa	Lokið	Málefni Lundar. Fréttabréf á neti.
2005-2006	Notkun öryggismyndavéla	Lokið	Málefni Lundar. Gangafundur.
2005-2006	Heimasíða með upplýsingum fyrir heimavistarbúa	Lokið	Málefni Lundar. <a href="http://www.heimavist.is">http://www.heimavist.is</a> .
2005-2006	Auka tengsl starfsfólks MA og VMA við nemendur á heimavist	Lokið	Málefni Lundar. Skólastjórnendur tóku málið að sér. Fundur á hverri önn.
2005-2006	Afgreiðslutími mötuneytis á heimavist	Lokið	Er orðinn sveigjanlegri.
2006-2007	Regluleg starfsmannaviðtöl	Lokið	Fylgir áfangakönnunum. 3.-4. hvert ár.
2006-2007	Bætt umgengni í skólanum	Lokið	Fylgst er með umgengni í anddyri og Kvos.

Vetur	Úrbótatillaga	Staða	Athugasemdir
2004-2005	Námskrárumræða	Í framkvæmd	Ferlanefnd vann að tillögum skólaárið 2006-7. Beðið eftir niðurstöðum frumvarps um framhaldsskóla.
2004-2005	UST-áætlun	Í framkvæmd	Mikilvægt. Umsjónarmaður tölvumála vinnur að áætluninni á vorönn 2008.
2004-2005	Forfallakennsla í MA	Í framkvæmd	Þarf að skipuleggja betur. Greitt ef annar kennari tekur við kennslu.
2005-2006	Námskrárumræða	Í framkvæmd	Ferlanefnd vann að tillögum skólaárið 2006-7.
2005-2006	Námskeið fyrir starfsmenn heimavistar um forvarnir, samskipti og líðan	Í framkvæmd	Málefni Lundar.
2005-2006	Umgengni á heimavist	Í framkvæmd	Málefni Lundar.
2005-2006	Forvarnir á heimavist	Í framkvæmd	Málefni Lundar.
2005-2006	Nýting herbergjaskoðana	Í framkvæmd	Málefni Lundar.
2006-2007	Tilraun með breytt kennslufyrirkomulag	Í framkvæmd	Almenn braut haust 2005. FRÓÐÁR-verkefnið á vorönn 2008.
2006-2007	Endurskoðun umsjónarkerfis	Í framkvæmd	Á byrjunarstigi í höndum námsráðgjafa.
2006-2007	Tölvunotkun í kennslustundum	Í framkvæmd	Í umræðu. Tekið fyrir á kennarafundi í febrúar 2008. Tengist UST áætlun.
2006-2007	Kennslufall	Í framkvæmd	Reynt er að halda kennslufalli í lágmarki og láta það ekki falla oft á sama tímann.
2006-2007	Forðast fjölmenna námshópa	Í framkvæmd	Skólinn tekur við fleiri nemendum en gert er ráð fyrir. Illframtíðsleg.
2006-2007	Fyrirvari á tölvupósti stjórnenda	Í framkvæmd	Stendur til bóta
2006-2007	Vinnufriður kennara á vinnusvæðum		

## 7. Námsmat í MA samkvæmt kennsluáætlunum

Í starfsáætlun um sjálfsmat í MA fyrir skólaárið 2007-2008 kemur fram að sjálfsmatsnefnd skuli leggja áherslu á að skoða og vinna úr gögnum sem til eru í skólanum. Í ljósi þess var ákveðið að skoða kennsluáætlanir áfanga með það að markmiði að finna út hvaða aðferðum er beitt við námsmat. Allar kennsluáætlanir haustannar sem nefndin gat haft upp á (alls 68 talsins) voru skoðaðar og upplýsingar um námsmatsaðferðir skráðar í tölfræðiforritið SPSS. Eftirfarandi kom í ljós:

Að meðaltali gildi lokaprófið 49% en lokapróf giltu frá 0-90%. Nokkur munur var á brautum hvað lokaprófið varðar því á félagsfræðibraut gildi lokaprófið að meðaltali 55%, á málabraut 32% og á náttúrufræðibraut 71%. Af þessum tölum má álykta að á náttúrufræðibraut sé mest áhersla á próf en meira símat á mála- og félagsfræðibraut.

Heimildaritgerðir voru ekki margar á haustönn, aðeins fimm talsins. Þar af var ein á félagsfræðibraut, ein á málabraut, tvær á náttúrufræðibraut og ein var í námsgrein sem kennd er á fleiri en einni braut.

Nemendafyrirlestrar komu fyrir í 14% kennsluáætlana og virðist áhersla á þá aukast eftir því sem ofar dregur í bekkjakerfinu. Flestir fyrirlestrar voru á félagfræðibraut en fæstir á málabraut.

Munnleg próf voru nefnd í 25% kennsluáætlana, flest munnlegu prófin voru á málabraut og þau var aðallega að finna í tungumálaáföngum.

Orðin *dagbók*, *verkefnabók* eða *vinnumappa* voru áberandi í kennsluáætlunum haustannar en þau mátti finna í 44% allra kennsluáætlana. Þessi orð eiga það sameignlegt að eiga við verkefnabækur sem unnið er að alla önnina og skilað í lokin. Þetta eru til dæmis dagbækur í lífleikni og ensku, logbækur í dönsku o.fl. Þegar brautir skólans voru bornar saman, sást að þessar verkefnabækur var einna síst að finna á náttúrufræðibraut. Þær voru algengar í öllum bekkjum, voru hluti af námsmati 62% kennsluáætlana 1. bekkjar, 57% kennsluáætlana 2. bekkjar og 42% í kennsluáætlana 4. bekkjar.

Verklegir þættir gilda til einkunnar í 21% af kennsluáætlunum haustannar og var helst að finna í 4. bekk á náttúrufræðibraut. Engir svokallaðir verklegir þættir eru í námsmati á félagsfræðibraut.

Jafningjamat eða sjálfsmat virtist ekki eiga upp á pallborðið hjá kennurum á haustönn því aðeins var minnst á það í kennsluáætlunum tveggja áfanga. Þessir áfangar eru á félagsfræðibraut og málabraut í 4. bekk.

Ástundun eða mæting er hluti af námsmati í 29% kennsluáætlana.

Vefleiðangrar eða vefsíðugerð virðast ekki lengur vera vinsæl námsmatsaðferð því í aðeins 9% kennsluáætlana er minnst á þessa þætti. Það er helst á málabraut sem nemendur vinna vefsíður.

Í þremur áföngum er ferðalag hluti af námsmati og skiptast ferðalögin jafnt á milli brautanna.

Myndbandagerð er ekki algeng í námsmati í MA, aðeins í tveimur áföngum (á málabraut í 4. bekk) er ætlast til þess að nemendur skili verkefnum í formi myndbanda.

Þessi úttekt á námsmatsaðferðum er engan veginn tæmandi því kennsluáætlanir gefa ekki alltaf rétta mynd af námsmati í MA. Kennsluáætlanir eru misnákvæmar, stundum er námsmat nákvæmlega útlistað en annars staðar er óljóst hvernig námsmatinu er háttað. Þessar niðurstöðurnar gefa þó einhverjar vísbendingar um námsmat í MA en til þess að fá nákvæmari niðurstöður, þyrfti að leggja spurningalista fyrir kennara eða námsgreinastjóra eða skikka kennara til þess að hafa kennsluáætlanir mun nákvæmari. Ekki er þó víst að hið síðarnefnda þjóni hagsmunum nemenda, stundum getur verið jákvætt að hafa námsmatið sveigjanlegt.

Nákvæmari niðurstöður (tíðnitöflur og krosstöflur) er að finna í viðauka.

## 8. Úrbætur

### Úrbætur sem þarf að vinna að strax:

1. Halda áfram með þróunarverkefnið Fróðá. Reynsla vorannar af þessu námsfyrirkomulagi hefur leitt í ljós að því fylgja bæði kostir og gallar. Það væri synd að hætta við svo bíðið, næsta ár væri tilvalið að nota í að sníða af helstu vankanta og útfæra Fróðána enn frekar.
2. Útbúa eineltisáætlun. Samkvæmt reglugerð nr. 1000/2004 er lagaleg skylda opinberra stofnana að draga úr eða koma í veg fyrir að einelti komi upp á vinnustaðnum.
3. Móta þarf vinnureglur um viðbrögð við slökum árangri (og jafnvel einnig mjög góðum árangri) í einstökum áföngum. Þetta þyrftu ekki að vera flóknar vinnureglur, reglan gæti jafnvel verið á þá leið að námsgreinastjóri þyrfti að ræða við stjórnendur ef meðaleinkunn ákveðins áfanga er undir/yfir fyrirfram ákveðnu lágmarki eða hámarki.
4. Breyta skólaárinu til samræmis við aðra skóla.

### **Úrbætur sem þarf að undirbúa sem fyrst:**

1. Bæta þarf aðstöðu nemenda til þess að matast í Kvosinni.
2. Nauðsynlegt er að stjórnendur og kennara ræði og taki afstöðu til þess hvort skólinn eigi að setja sér einhver markmið í sambandi við námsmat. Ekkert er að finna á vef skólann um námsmat.

## **9. Næstu skref í sjálfsmatinu**

1. Áfram verður haldið með hið lýðræðislega sjálfsmat. Á haustönn verður einn kennarafundur notaður í vitnisburð námsgreinastjóra; þeir segja frá sjálfsmatsverkefnum sinnar deildar. Síðan munu deildirnar halda áfram með sjálfsmatsverkefni sín eða vinna ný eftir hentugleikum.
2. Ef Fróðártilraunin heldur áfram á næsta skólaári, mun sjálfsmatsnefnd að einhverju leyti sjá um að meta hvernig til hefur tekist.
3. Áfangakannanir í íslensku og erlendum tungumálum verða lagðar fyrir.
4. Kominn er tími til þess að kanna hagi og skoðanir 10 ára og 5 ára stúdenta. Vonandi verður hægt að fá nemendur í aðferðafræði (FÉL 403) til þess að sjá um framkvæmdina að einhverju leyti.
5. Þjónustukönnun lögð fyrir nemendur .



## 10. Lokaorð

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan formlegt sjálfsmat hófst í MA fyrir rúmum áratug síðan. Sjálfsmatsnefnd hefur leitað ýmissa leiða til þess að þróa og bæta skólastarfið og lagt fyrir ótalmargar kannanir og úttektir í því skyni, hlustað á viðhorf starfsfólks, nemenda og foreldra. Það er von sjálfsmatsnefndar að vinna undanfarinna ára hafi skilað þeim árangri að starfsfólki finnist á sig hlustað og tekið sé tillit til sjónarmiða þess.

Sjálfsmatsnefnd í Menntaskólanum á Akureyri þakkar starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum sem tóku þátt í sjálfsmati skólans á skólaárinu og lögðu þannig sitt af mörkum til þess að þróa og bæta skólastarfið.

10. júní 2008, Menntaskólanum á Akureyri

\_\_\_\_\_  
Anna Sigríður Davíðsdóttir

\_\_\_\_\_  
Bjarni Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Þorbjörg Þorsteinsdóttir